

SJÓSTÝRÐUR LOSUNARBÚNAÐUR GÚMMÍBJÖRGUNARBÁTA

Fyrirkomulag fangalínu

Fyrirkomulag fangalínu skal vera þannig að gúmmíbjörgunar- báturinn sé tengdur við skipið og skal komið fyrir þannig að tryggt sé að þegar báturinn er losaður dragist hann ekki niður með sökkvandi skipi.

Veikur hlekkur

Veikur hlekkur í sjóstýrðum búnaði sem tengdur er við fangalínu skal slitna við átak sem nemur $2,2 \pm 0,4$ kN.

Þrýstistýrður losunarbúnaður

Þrýstistýrður losunarbúnaður í sjóstýrða búnaðinum skal losa gúmmíbjörgunarbátinn úr stólnum áður en hann nær 4 metra dýpi.

Annar sjóstýrður losunarbúnaður


Sjóstýrður búnaður sem er háður öðrum breytistærðum en þrýstingi sjávar skal losa gúmmíbjörgunarbátinn á innan við 15 sekúndum frá því að búnaðurinn er umlukinn sjó.

Merking og þjónusta

Sjóstýrðan losunarbúnað með tiltekinn endingartíma skal merkja við uppsetningu með dagsetningu síðasta notkunardags og þegar komið er fram yfir hana skal endurnýja búnaðinn.


ENDURNÝJUNARTÍMI												
M	JAN	FEB	MAR	APR	MAY	JUN	JUL	AUG	SEPT	OCT	NOV	DEC
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	2006
												06
												07
												08

Hammar H20



MONTH	JAN	FEB	MAR	APR	MAY	JUN	JUL	AUG	SEPT	OCT	NOV	DEC
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	2005
YEAR												2006
												2007
												2008
												2009
												2010

Thanner DK




Ef sjóstýrði losunarbúnaðurinn er ekki með tiltekinn endingartíma skal hann yfirfarinn á minnst 12 mánaða fresti af viðurkenndum þjónustuaðila.

Farið ávallt eftir leiðbeiningum framleiðenda við frágang á sjóstýrðum losunarbúnaði.


DÆMI UM FRÁGANG Á SJÓSTÝRÐUM LOSUNARBÚNAÐI

HAMMAR H20 hefur 2 ára endingartíma m.v. uppsetningardag.



Hammar H20

THANNER DK 2004 hefur 4 ára endingartíma m.v. uppsetningardag.



Thanner DK

ÁBYRGÐ ÁHAFNAR

Tryggja þarf að frágangur björgunarbúnaðar sé réttur, aðgengi að björgunarbúnaði sé ávallt gott og að engar hindranir séu í vegi fyrir losun og sjósetningu björgunarfara.

Gangið ávallt rétt frá björgunarbúnaði skipsins!



NEYÐARBÚNAÐUR Í FISKISKIPUM I GÚMMÍBJÖRGUNARBÁTAR LOSUNAR- OG SJÓSETNINGARBÚNAÐUR



Tekningar: Óhanna Jónsson

Kynnið ykkur fræðslufni um öryggismál á vefnum
www.sigling.is

PRENTKEMMI EHF.



Gefið út af Siglingastofnun Íslands. Unnið í samstarfi við verkefnisstjórn áætlunar um öryggi sjófarenda. Mars 2007

REGLUR

Um fyrirkomulag björgunarbúnaðar í fiskiskipum gilda eftirfarandi reglur:

- Reglugerð nr. 122/2004 um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd.
- Reglur nr. 189/1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa (fiskiskip styttri en 15 metrar).

Eingöngu má nota viðurkenndan björgunarbúnað í íslenskum skipum.

Áður en skip lætur úr höfn og ávallt meðan á ferð þess stendur skal allur björgunarbúnaðurinn vera í nothæfu ástandi og tilbúinn til tafarlausrar notkunar.

SKILGREININGAR

„Sjóstýrð losun“ er sú sjósetningaraðferð þar sem björgunarfar er losað sjálfvirk frá sökkvandi skipi og verður tilbúið til notkunar.


„Sjálfvirkur losunar- og sjósetningarbúnaður“ er tæki til að losa uppblásanlegan björgunarfléka (gúmmíbjörgunarbát) frá skipi, sjósetja hann og ræsa uppblástur hans sjálfvirk.

SKOÐUN OG ÞJÓNUSTA

Gúmmíbjörgunarbátar og losunar- og sjósetningarbúnaður þeirra skal skoðaður a.m.k. árlega af viðurkenndum skoðunar-/þjónustuaðila.

Í fiskiskipum 15 metrar að lengd eða lengri er einnig gerð krafa um að áhöfn hafi:

- eftirlit með björgunarbúnaði áður en skip lætur úr höfn
- vikulegt eftirlit („sjónskoðun“) með björgunarbátum og sjósetningarbúnaði
- mánaðarlegt eftirlit með öllum björgunarbúnaði eftir gátlista og skal það skráð í þjónustuhandbók skipsins



GÚMMÍBJÖRGUNARBÁTUR TEKINN UM BORD

Merkingar (skip 15 metrar eða lengri)

Á hylki gúmmíbjörgunarbáts eiga að vera eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn framleiðanda eða vörumerki
- Raðnúmer báts
- Nafn samþykktaraðila
- Fjöldi manna sem báturinn ber
- SFV, SFV-ICELAND eða SOLAS eftir því sem við á
- Gerð neyðarpakka bátsins
- Dagsetning síðustu skoðunar
- Lengd fangalínu
- Mesta hæð yfir sjólinu skips sem báturinn má vera í
- Leiðbeiningar um sjósetningu
- Frágangur tengingar fangalínunnar (fyrir sjálfvirkan losunar- og sjósetningarbúnað)

Meðferð


Farið gætilega með hylkið sem varðveitir gúmmíbjörgunarbátinn þegar það er flutt þar sem það þolir illa hnjask.



Frágangur

Áður en gengið er frá gúmmíbjörgunarbát í stól eða losunar- og sjósetningarbúnað þarf að skoða upplýsingar á hylkinu til að tryggja að báturinn fari á réttan stað.

Gæta skal að því að báturinn sitji rétt í stólnum og á fangalínunni alltaf að snúa inn á skipið.




Festið fangalínuna tryggilega á réttan stað á skipinu og gangið frá þannig að hún sláist ekki til.

Farið yfir ólar og gætið þess að þær séu mátulega strekktar þegar handsýlgjunnir er lokað.

SJÁLFVIRKUR LOSUNAR- OG SJÓSETNINGAR- BÚNAÐUR GÚMMÍBJÖRGUNARBÁTA

Sjálfvirkur losunar- og sjósetningarbúnaður á að vera þannig að hægt sé að:

- losa gúmmíbjörgunarbátinn frá skipinu með einu handtaki á geymslustað bátsins og frá stjórnþalli eða öðrum hentugum stað
- sjósetja gúmmíbjörgunarbátinn og ræsa uppblástur hans sjálfvirk fari hann á kaf í sjó.



Í skipum undir 15 metrum að lengd er þó heimilt að tengja ræsingu uppblásturs við fjarstýrða eða sjálfvirka losun.

Losunar- og sjósetningarbúnaðurinn á að geta sjósett gúmmíbjörgunarbát þó að skipið hafi allt að 20° slagsíðu til hvorrar hliðar og allt að 10° stafnhalla á hvorn veginn.

Losunar- og sjósetningarbúnaður skal staðsettur þannig að hann sé vel aðgengilegur til notkunar, eftirlits og viðhalds.

Með hverjum búnaði skal fylgja vottorð framleiðanda þar sem fram kemur hvaða kröfur búnaðurinn uppfyllir. Ennfremur skal skoðunarhandbók fylgja með hverjum búnaði.

Losunar- og sjósetningarbúnað skal skoða árlega. Ekki sjaldnar en á 5 ára fresti skal virkni sjósetningarbúnaðar prófuð með gúmmíbjörgunarbátahylki af sömu þyngd og báturinn sem er í búnaðinum.